

Fundargerð 104. fundar.

104. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn að Grensásvegi 1 í fundaraðstöðu hjá Verkfræðistofunni Mannviti, kl. 14 þann 23. apríl 2014.

Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá sat fundinn Jóna Bjarnadóttir frá verkfræðistofunni Mannviti. JB starfar sem ráðgjafi stýrihóps við heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og er ritari við vinnu endurskoðun heilbrigðissamþykktar.

Dagskrá:

1. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdastjórnin hélt áfram vinnu við endurskoðun samþykktar nr. 636/1997 um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.

Milli funda höfðu starfshópar unnið við að skoða einstaka þætti samþykktarinnar.

Vinnu við endurskoðun var ekki lokið en er komin töluvert á veg. Kallað var eftir frekari skoðun á ákveðnum greinum fram að næsta fundi nefndarinnar sem boðaður verður fljótlega.

Fundi var slitið kl. 16.